

sé stefndur, og verður þá eftir kröfu áfrýjanda að staðfesta gestaréttardóminn eins og hann liggur fyrir. En með því að áfrýjandi hefir eigi skýrt frá því, að stefndi hafi verið krafinn um dómskuldina eftir að gestaréttardómurinn var kveðinn upp, né heldur að dómurinn hafi verið birtur fyrir honum, verður eigi talið að áfrýjandi hafi leitt rök að því, að honum hafi verið nauðsyn að áfrýja máli þessu, og verður stefndi þá eigi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, en málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn staðfestist. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 3. nóvember 1919.

Nr. 31/1919:

Metúsalem Jóhannsson f. h.  
Hlutafélagsins »Gissur hvíti«  
gegn  
Stefáni Jóhannssyni

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Stefán Jóhannsson skipstjóri Ingólfstræti 10 hér í bænum fyrir sjórétti Reykja-

víkur gegn útgerðarstjóra Metúsalem Jóhannssyni fyrir hönd hlutafélagsins »Gissur hvíti« til þess að fá hann dæmdan til þess fyrir hlutafélagsins hönd að greiða sér eftirstöðvar af kaupi sínu sem skipstjóra á mótorskipi félagsins »Geir goða« árið 1917 að upphæð 484 kr. 65 a. með 6 % vöxtum frá stefnudegi 31. jan. 1918 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Áfrýjandi hélt því hins vegar fram, að stefndi ætti ekkert vangreitt af kaupi sínu, þvert á móti skuldaði hann hlutafélaginu 165 kr. 70 a.; krafðist hann því sýknunar af kröfum stefnda og að hann yrði dæmdur til að greiða hlutafélaginu þessar 165 kr. 70 a.

Máli þessu lauk svo fyrir sjódominum með dómi uppkveðnum 16. apríl þ. á., að Metúsalem Jóhannsson f. h. hlutafélagsins »Gissur hvíti« var dæmdur til að greiða stefnda 352 kr. 17 a. með 5 % ársvöxtum frá 31. jan. 1918 til greiðsludags og var málskostnaður látinn falla niður. Svo voru og nokkur ummæli málflutningmanns stefnda um áfrýjanda dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. maí þ. á. og krafist þess eins og fyrir undirrétti, að hann fyrir hlutafélagsins hönd verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 165 kr. 70 a. með 6 % ársvöxtum frá 6. apríl 1918 til greiðsludags og málskostnað að fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Svo hefir hann og endurtekið kröfu sína fyrir undirrétti um að málflutningsmaður stefnda verði

dæmdur í sekt fyrir ósæmilegan rithátt um hann fyrir undirrétti. Það skal þegar tekið fram, að með því að áfrýjandi eigi gagnstefndi í málinu fyrir undirréttinum getur ofan nefnd fjárfrafa hans eigi komið til álita nema til skuldajafnaðar.

Stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 12. ágúst þ. á. og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir sjódóminum verði teknar til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Til vara hefir hann krafist þess að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Lidir þeir í viðskiptum málsaðila, sem ágreiningur er um, eru þessir:

1. Áfrýjandi hefir fært stefnda til útgjalda andvirði blýsökku 8 kr., er hann telur stefnda hafa glatað og eigi að bera ábyrgð á. Stefndi hefir kannast við að grunnsakka frá skipinu hafi fest í botni og tapast þannig. Á þessu verður honum ekki gefin sök, og þar sem ekki er upplýst að önnur sakka hafi tapast, þykir ekki heimilt að færa stefnda þessar 8 kr. til skuldar.
2. Sama er að segja um kr. 1.87, er áfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar fyrir lögskráningu, með því að áfrýjandi hefir enga grein gert fyrir því að stefnda beri að greiða gjald þetta.
3. Áfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar 28 kr. fyrir fjórar tómar steinolíutunnur, er hann telur að tapast hafi fyrir hirðuleysi hans, en með

því að áfrýjandi hefir eigi fært sönnur fyrir þessu, er eigi heimild til að draga umrædda upphæð frá kaupum stefnda.

4. Þá hefir áfrýjandi fært stefnda til útgjalda 50 kr. sem farmgjald fyrir tvo farþega með skipi hans frá Akureyri til Reykjavíkur. Stefndi kannast við að farþegar þessir hafi verið með skipinu og að annar þeirra hafi greitt sér 20 kr. fyrir farið, er hann segir að áfrýjandi hafi sagt að hann mætti eiga fyrir fyrirhöfn sína við farþegana. Fyrir þessu hefir stefndi þó eigi fært neinar sannanir gegn neitun áfrýjanda, sem heldur því fram að hvor farþeganna hafi átt að greiða 25 kr. fyrir farið og skipstjóri að innheimta það. Þykir eftir atvikum rétt, að fallast á að fargjald þessara manna 50 kr. verði dregnar frá kaupum stefnda.
5. Þá telur stefndi kaup sitt frá 7. maí til 17. júlí 1917 vantalið um 500 kr. Fyrir þetta tímabil, 71 dag, telur hann að sér beri 10 kr. kaup á dag = 710 kr. og gerir hann þá grein fyrir þessu, að á milli vertíða hafi hann átt að fá 10 kr. kaup á dag, en á vertíðum var hann ráðinn upp á hlutdeild í afla. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram að stefndi hafi ekki átt að fá neitt fast kaup sem skipstjóri milli vertíða, heldur að eins 10 kr. kaup fyrir hvern dag, er skipið hafi verið í flutningaferðum, og þar sem skipið hafi að eins verið 21 dag á þessu tímabili í flutningaferðum beri honum að eins 210 kr. kaup á

nefndu tímabili. Í málinu hefir verið lagt fram vottorð frá lögreglustjóra um það að stefndi hafi verið skipstjóri á »Geir goða« frá 13. jan. til 3. okt. 1917, og stýrimaðurinn á skipinu hefir borið það sem vitni, að stefndi hafi verið við skipið allan tímann frá því þorskveiðum hætti þar til síldveiðarnar byrjuðu, sagt fyrir vinnu við skipið, stýrt því upp að landi tvisvar sinnum og fært það oft til á höfninni, en fyrir þetta er honum ekkert kaup talið í reikningi áfrýjanda. Það er upplýst í málinu að stýrimaðurinn á skipinu hefir milli vertíða verið ráðinn með þeim kjörum að hann fékk kaup að eins fyrir þá daga, er hann vann við skipið, en þetta getur eigi talist nein sönnun fyrir því, að stefndi, er var skipstjóri á skipinu, hafi verið ráðinn með líkum kjörum, þvert á móti verður það, svo sem sjódomurinn hefir tekið fram, að teljast næsta ólíklegt að stefndi hafi verið við skipið og sætt sig við þau kjör, er áfrýjandi telur hann hafa átt að hafa, en hitt er miklu sennilegra að hann hafi átt að sæta þeim kjörum, er hann sjálfur segir. Yfirdómurinn verður því að fallast á það álit sjódomsins, að stefnda beri 10 kr. dagkaup frá 7. maí 1917 þar til síldveiðar byrjuðu um sumarið, en það er upplýst í málinu að lögskráð var í skiprúm til þeirra 13. júlí og getur stefnda þá ekki borið dagkaup nema til þess dags. Er þá vantalið kaup stefnda á umræddu tímabili um

45 daga eða 450 kr., og verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þessa upphæð.

6. Stefndi gerði kröfur til 10 kr dagkaups fyrir 6 daga, er hann hafi verið við að leggja skipinu eftir að sildveiðarnar hættu haustið 1917. Áfrýjandi heldur því fram að til þessa starfs hafi aðeins gengið 20 klukkustundir og hefir talið honum 30 kr. borgun fyrir þetta. Áfrýjandi hefir engar sönnur fært fyrir þessari staðhæfingu sinni. Sjódomurinn tekur það fram, að borgun sú, er stefndi hefir krafist, fyrir að leggja skipinu, sè ekki ósanngjörn, og þykir því ástæða til að dæma áfrýjanda til að greiða mismuninn 30 kr.

7. Loks hefir stefndi gert kröfur til endurgjalds á 32 kr. 48 aur. sem hann telur sig hafa greitt fyrir fæði tveggja manna, er ráðnir voru á skipið, en með því að menn þessir eftir ráðningarsamningnum áttu að fæða sig sjálfir, verður að telja upphæð þessa útgerð skipsins óviðkomandi og verður áfrýjandi eigi dæmdur til að endurgreiða stefnda þessa upphæð.

Stefndi viðurkennir að hann skuldi áfrýjanda 165 kr. 70 a., sem beri að draga frá framangreindum upphæðum.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 8,00 + 1 87 + 28,00 + 450,00 + 30,00 = kr. 517,87 ÷ 165,70 = kr. 352,17 með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjanda dómi. Ákvæði sjódomsins um málskostnað samþykkist einnig.

Það þykir eigi ástæða til að sekta málflutningsmann stefnda fyrir ummæli þau, er hann hefir haft um áfrýjanda fyrir undirjetti en ákvæði dómsins um ómerkingu þessara ummæla samþykkist.

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist þannig í öllum greinum og verður áfrýjandi eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði sjóréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f.h. hlutfélagsins »Gissur Hvíti« greiði stefnda Stefáni Jóhannssyni 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnæja áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 3. nóvember 1919.

Nr. 41/1919:

Þórður Jónsson  
gegn  
Sigurði S. Skagfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Sigurður S. Skagfjörð trjesmiður í Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur